

Nd.

### **32. Frumvarp**

til laga um lögheiti á nokkrum stofnunum á Íslandi.

Flutningsmenn: Jón Þorkelsson, Benedikt Sveinsson og Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. gr.

Stofnanir þær hér á landi, sem nefndar verða í þessari grein, skulu eftirleiðis hafa lögheiti þau, er hér greinir:

Landssjóður Íslands skal heita: Allsherjar fjárhirzla Íslands; svo og skal gjaldkeri landssjóðs hér eftir nefnast: allsherjar féhirðir.

Landsbanki Íslands skal heita: Þjóðbanki Íslands.

Landsbókasafn Íslands skal heita: Þjóðbókasafn Íslands. Slikt hið sama skal Landsskjalasafn heita: Þjóðskjalasafn Íslands.

Svo og skal Forngripasafnið upp héðan heita: Þjóðmenjasafn Íslands.

Embættisheiti á forstöðumönnum þessara fjögurra stofnana, er síðast voru taldar, skulu hlýða til þessa, er nú hefir mælt verið.

Amtsbókasöfn Vestfirðinga, Norðlendinga og Austfirðinga skulu hér eftir heita fjórðungsbókasöfn, kend til fjórðunga, svo sem verið hefir.

2. gr.

Þar sem svo stendur á, að heiti hafa þegar verið letruð með hinum fyrra hættinum á nokkura af stofnunum þeim, sem nefndar eru í 1. gr., þá skal þeim heitum breytt samkvæmt því, sem þar er mælt fyrir um.